



ALMENNIR KEPPNISSKILMÁLAR 2017

Eftirfarandi skilmálar, ásamt viðbótum og breytingum sem birtar verða á hverjum keppnisstað af mótisstjórn, munu gilda skv. reglu 33-1 í mótum sem haldin eru á vegum Golfsambands Íslands árið 2017, samanber reglugerðir mótanna.

1. Þátttökuréttur

Keppt skal samkvæmt viðeigandi reglugerðum GSÍ og Móta- og keppendareglum GSÍ.

2. Leik frestað vegna þess að hætta steðjar að (ath. við reglu 6-8b)

Þegar mótisstjórn frestar leik vegna hættuástands og leikmenn í holukeppni eða ráshópi hafa lokið leik um holu, mega þeir ekki hefja leik aftur fyrr en mótisstjórnin hefur ákveðið svo. Séu þeir að leika að holu verða þeir að hætta leik strax og hefja hann ekki aftur fyrr en mótisstjórn ákveður svo. Hætti leikmaður ekki leik strax sætir hann frávisun nema aðstæður réttlæti niðurfellingu vítisins svo sem regla 33-7 leyfir. Merki er gefið um að hætta leik vegna hættuástands með löngum blæstri vélflautu.

Hljóðmerki í tengslum við frestun leiks:

- **Hættið leik (ljúka má holu):** Þrjú stutt hljóðmerki, endurtekin.
- **Hættið leik strax:** Samfellt langt hljóðmerki.
- **Hefjið leik aftur:** Tvö stutt hljóðmerki, endurtekin.

3. Golfkerrur

Heimilt er að nota rafknúna golfkerrur.

4. Akstur (sbr. úrskurð 33-1/8)

Reglugerð um golfbíla í GSÍ mótum gildir. Varðandi brot á reglugerðinni visast í sýnishorn af keppnisskilmála á bls. 159-160 í golfreglubókinni.

5. Leikhraði (ath. 2 við reglu 6-7)

Almennir keppnisskilmálar um leikhraða og keppnisskilmálar um leikhraða á Eimskipsmótaröðinni gilda, eftir því sem við á.

6. Æfing milli leiks um holar (ath. 2 við reglu 7-2)

Á milli leiks um tvær holar í höggleik má leikmaður ekki slá nein æfingahögg á eða við flöt þeirrar holu sem síðast var leikin og má ekki prófa yfirborð flatar þeirrar holu með því að velta bolta.

7. Ráðlegging í sveitakeppni (ath. við reglu 8)

Í sveitakeppni má hvert lið tilnefna einn aðila sem má ráðleggja þeim sem liðið skipa (þar með talið að benda á þúttlínu). Gera verður mótisstjórn grein fyrir hver sá aðili er áður en hann veitir ráðleggingu. Viðkomandi skal bera viðeigandi merkingu, óski mótisstjórn þess.

8. Kylfuberar

Kylfuberar skulu klæðast vestum frá Golfsambandi Íslands, óski mótisstjórn þess. Keppandi ber ábyrgð á að skila vestinu um leið og skorkorti síðustu umferðar er skilað. Víti fyrir brot á keppnisskilmála: Frávisun.

9. Golfsiðir

Mótisstjórn áskilur sér fyllsta rétt til að refsa fyrir brot á siðareglum, svo sem fyrir truflun vegna hávaða eða notkunar síma og annarra rafeindatækja. Refsing verður þá samkvæmt lokagrein siðareglna og leikreglu 33-7.

Keppandi skal koma heiðarlega og drengilega fram við keppinauta sína og eigi beita óleyfilegum brögðum. Hann skal sýna dómurum og starfsmönnum mótisins tilhlýðilega virðingu og eigi fara niðrandi orðum um þá eða áhorfendur.

Brjóti keppandi eitthvað af framanskráðu á hann á hættu að vera vikið úr keppni, sbr. 10. gr. móta- og keppendareglna GSÍ.

10. Skorkorti skilað

Skorkorti telst skilað þegar leikmaður hefur afhent fulltrúa mótisstjórnar skorkortið og yfirgefið svæðið sem til þess er ætlað. Ef skila á skorkorti í þar til gerðan kassa telst skorkortinu skilað þegar leikmaður hefur sett skorkortið í kassann.

11. Hvernig jafntefli er leyst

Upplýsingar um hvernig jafntefli skuli leyst verða birtar á mótisstað.

12. Birting úrslita

a) Holukeppni
Úrslit holukeppni teljast gild og endanleg þegar úrslitin hafa verið skráð á skortöflu.

b) Höggleikur
Þegar sigurvegari hefur fengið afhent verðlaun sín eru úrslit endanleg og keppni lokið.

13. Úrskurðarvald dómara

Ákveði mótisstjórn ekki annað hafa dómamar endanlegt úrskurðarvald.

ALMENNT VÍTI FYRIR BROT Á KEPPNISSKILMÁLUM:

Holukeppni – Holutap.

Höggleikur – Tvö högg.